

ENDURFÆÐING?

Jóhannes Jóhannesson er líklegast sá málari sem þrængstan stakkinn sniður sér hérlandis. Í mörg ár hefur hann unnið við rannsóknir á myndgildi hringins (og sólaráknid hefur e.t.v. verið þar á bak við) og má finna leifar af þeim athugunum í myndum hans hér, en form hans eru nú þétt læst í láréttum-lóðréttum línunum. E.t.v. of þétt, en samt bjargar litaskyn Jóhannesar honum að einhverju leyti úr þrífundinni. Þykir mér líklegt að Jóhannes sé einn þeirra sem mundi græða á því að mála stærra.

Kjartan Guðjónsson hefur einnig lengi unnið við sama vandamálið, hrynjandi mjórri forma yfir myndflöt, og eru myndir hans hér með beztu lausnum sem ég hef séð frá honum. Hörður Agústsson vinnur af miklum smekk úr líffræðilegum formum og akrylíkmynd Einars Þorlákssonar er unnin af miklu öryggi á sviði þar sem formleysi tekur oft stjórnina. Litir hans eru gullfallegir og vildi ég gjarnan sjá meira og stærra af myndum hans. Pastelmyndir Einars, sérlega nr. 129 og 130 voru einnig mikil opinberun fyrir mig, því að ég man ekki eftir að hafa séð pastel svo skarplega notað í abstrakt myndlist hérlandis. Myndir þeirra Margrétar Jólésdóttur og Stephen Fairbairns komu mér einnig skemmtilega á óvart og voru að mínu viti einn af hápunktum sýningarinnar. Bæði var uppsetning verkanna frumleg og áhrifarík, og leikur þeirra við sjónhinnuna margslunginn og skemmtilegur.


Tilprif og tuggur

Í salnum hinumegin er heildarsvipurinn ekki eins góður. Myndir þeirra Sigurðar Örlygssonar og Gunnars Arnar Gunnarssonar bera þar af, svo gjörólíkar sem þær eru. Sigurður hefur á skömmum tíma unnið sig út úr áhrifum Bretans Robyn Dennys og náð að skapa sér eigin „íkonografíu“, einskona „hryggliða“-tákn, sem hann svo endurtekur yfir myndflötinn og etur saman bogum og beinum línunum. Einna slökust af myndum hans er nr. 85, þar sem ljósfjólubláinn stendur ekki undir hinum sterkari litum.

Hvað mig snerti var Gunnar Örn Gunnarsson stjarna sams konar sýningar fyrir tveim árum. Pensildirfska hans og „expressjónísk“ meðferð hans á mannlíkamanum hituðu mér um hjartarætur. „Nú loksins eigum við einhvern sem reynir að feta í spor Bacons og De Koonings, með góðum árangri“. sagði ég við sjálfan mig. Pensildirfskan er þarna enn, en eldmóðinum er einhvern veginn ófert og myndir hans eru annaðhvort ofþandar, eins og „Mynd“ (nr. 46) „Varúð“ (nr. 48) (og Gunnar hlýtur að vita að „Peace“ merki og gasgrimur eru orðnar tuggur í myndlist), eða lausar við alla spennu, eins og „næturlíf“ (nr. 50) og „ungur maður“ (nr. 51).

Ein besta mynd Gunnars hér er smámyndin „Brún kona“, sem þó ber mikinn svip af einni af „Drottningum“ De Kooning's. En Gunnar á eftir að ná sér upp aftur, og fáum treysti ég betur til að blása í glæður íslenzkrar myndlistar.

Björg Þorsteinsdóttir á hér triptík sem slær augað með skærum litum eins og löðrungur. En þótt hún leysi hér það formlega myndavandamál sem hún er að glíma við, finnst mér vandamálið sjálft hálf yfirborðskent, og skilur þannig lítið eftir. Þarf hún að setja sér fyrir erfiðari þrautir. Hér samanburður við Gunnar Örn athyglisverður, því hann hleður myndir sínar svo miklum möguleikum og þær ríða myndbyggingunni nær að fullu. Björg á hér einnig verk af poppuþruna sem nefnist „Dialogus“, en bæði hugmyndin



Barbara Arnason: Vængir, lopi 1972.

(varir...) og meðferð hennar eru orðnar hálfgerðar tuggur.

Einar Hákonarson á hér eingöngu litlar myndir, sem er skabi, því form hans eru of sterk fyrir svo litla fleti. Einnig skemma rammar þeir sem hann notar nokkuð fyrir myndunum.

Verk Eliasar B. Halldórssonar þekkti ég ekki fyrir, en hann kom mér á óvart með fágadri myndbyggingu og finlegri meðferð á mjúkum formum. Kristján Guðnason vinnur einnig of smátt. hrynjandi forma hans er líflæg en litirnir bera myndirnar ofurlíði. Held ég að þegar hann er betur búinn að skoða 1911-12 myndir Kandinskys, þá muni rætast úr þessu fyrir honum. Ragnheiður

Jónsdóttir Ream minnir dálítið á Lovisu í litameðferð og fyrirmyndavali, sem leggur meiri áherslu á sérstök sjónarmið. Sigurþór Jakobsson er of högvær í vali á viðgangsefni, og virðast lausnir hans á því ekki athyglisverðar. Sigríður Björnsdóttir virðist mér aftur á móti takast á við of mikið á of litlum fleti, form hennar eru of óróleg og þétt til að ramminn geti haldi þeim í skefjum. Örygur Sigurðsson á hér þrjú stór verk, mynd af Eiríki Kristóferssyni sem er eitt besta „portrett“ sem ég hef séð eftir hann, en aftur á móti eru stórmyndir hans af fornköppum algjörlega misheppnaðar, og verða risastórar teiknimyndir. Eyborg

Guðmundsdóttir vinnur enn við geómetrisk dæmi, sem ekki ganga upp. Líklega eru það sömu dæmin og „Afstraksjón-Création“ málarnir leystu í Paris í kringum 1930.

Yfirvegum á formum

Að vefnabi bera verk Barböru Arnason af, bæði frá myndrænu og tæknilegu sjónarmiði, og svipaða sérstöðu hefur Leifur Breiðfjörð einnig í glermynd sinni — þó hann sé að visu sá eini í þeirri grein sem viðstaddur er. Meðal teikninga grafik og vatns-litamynda sýna verk Jóhönnu Bogadóttur að hún er að verða okkar besta grafikmanneskja, sem sérstaka tilfinningu fyrir áferð. Kolamyndir Snorra Sveins Friðrikssonar eru unnar af snerpu sem minnir á Hartung.

Meðal höggmyndanna er uppskeran ekki eins ríkuleg. Sigurjón Ólafsson sýnir enn hve hugmyndaflug hans er frjótt í „Bið að heilsa“, frauðplastmynd þar sem hann vinnur úr hrynjandi lífrænna bogaforma og flatra vélforma, og nær að skapa verk sem býr yfir stórkostlegum og glettunum sannfæringarkrafti. Vona ég að Sigurjón fái þessa mynd steipta stærri sem fyrst og að hún verði sett á almannafæri Guðmundur Benediktsson vinnur staðfast við yfirvegum á einföldum standandi formum og lausnir hans eru bæði þroskaðar og áhrifaríkar. Hallsteinn Sigurðsson gerir sig líklegan til að beina nýjum straumum inn í íslenska þrívíddarlist. Stein og gifsmýndir hans eru greinilega nemendaverk, þung form sem skapa litla spennu. „Feringar“ hans eru hins vegar nýnæmi. Þeir

MYNDLIST




eftir Aðalstein Ingólfsson

eru greinilega innblásnir af „Cubi“ bandaríska snillingsins David Smith, þar sem feringar úr stáli mynda hrynjandi í kringum miðöxul. En þar sem „Cubi“ Smits eru margir í eðli sínu miðaðir við „Beint-á“ lesningu, radar Hallsteinn feringum sínum í kringum aðalöxul, og býður þannig upp á kringumgöngu. Finnst mér að verk hans mættu vera enn stærri til að hafa fyllri áhrif.

Jóhann Eyfells er á góðri leið með að skapa sér einhvern allíslenskasta höggmyndastil sem til er. Mér finnst lausnir hans enn nokkuð einhæfar, en sjálfsagt á hann eftir að nýta frekar þá möguleika sem efnid býður upp á. Sævar Danielsson sýnir þrjú smá og meifyndin verk (úr keramik?) og Þorbjörg Pálsdóttir er upp á sitt besta með „Tvö börn“, og er vonandi laus við þá yfir-„dramatik“ sem einkenndi fyrri myndir hennar.



Hringur Jóhannesson: Rafmagnsleysi, olía 1974.



Steinþór Sigurðsson: Leikmynd úr Tobacco Road.